

Christopher Lund ehf.  
Vesturgötu 37  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2020  
UST202008-149/H.H.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um ljósmyndatökuleyfi - Djúpalón**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Christopher Lund ehf., dagsett 18. ágúst 2020, um leyfi fyrir drónaflugi við Djúpalón innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Mannvirkjagerð, efnistaka og hverskonar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 18. gr. reglugerðarinnar. Rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í þjóðgarðinum eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 20. gr. reglugerðarinnar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Taka á upp efni við Djúpalónssand á tímabilinu 24. ágúst – 5. september 2020. Stefnt er að því að vera í 2 daga á svæðinu en nákvæm tímasetning fer eftir veðri. Tveir starfsmenn koma að verkefninu sem mun fela í sér drónaflug sem og ljósmyndun frá jörðu. Flogið verður eftir GPS hnitum í um 80 metra hæð. Minni svæði verða mynduð í 20 metra hæð. Auk þess verða teknar ljósmyndir og video á ljósmyndavél á jörðu niðri. Ekki er gert ráð fyrir raski né er þörf fyrir að fara út fyrir göngustíga.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að verkefnið hafi hverfandi áhrif á verndargildi svæðisins. Ekki er talið að framkvæmdin valdi skaða á friðlýsta svæðinu. Reikna má að gestir svæðisins verði fyrir einhverri truflun á meðan tökum standur, til að lámarka truflun er æskilegast að fljúga utan háanna tíma milli 13:00 – 16:00.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Christopher Lund ehf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi við Djúpalón sbr. lýsingu hér að ofan 24. ágúst – 5. september 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu standur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefna- og svæðisvæðingum, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Sýna skal öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

*Hildur Hafbergsdóttir*

Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur



Jón Björnsson  
þjóðgarðsvörður